



Forn Sed Norge er skráð trúfélag í Noregi og er opið öllum þeim er áhugasamir eru um ýmiskonar þjóðtrú, gamlar hefðir og menningarverðmæti.

Allir sem áhugasamir eru um að hefja til vegs og virðingar fornan sið og forn menningarverðmæti og halda heiðinni siðvenju í hefð, geta gerst meðlimir í félaginu. (Hér er átt við útlenda ríkisborgara með fasta búsetu í Noregi.)

Forn Sed Norge er viðurkennt trúfélag í Noregi með þeim réttindum og skyldum sem því fylgja.

Við leggjum mikla áherslu á að Forn Siður sé eindregið á móti þeim túlkunum á norrænum fræðum sem byggja á nazisma, kynþáttahatri, eða hverskyns ofstæki hvaða nöfnum sem það nefnist.

Við biðjumst velvirðingar á að stærstur hluti efnisins sem er að finna á heimasíðum félagsins er eingöngu aðgengilegt á norsku.

Forn Sed Norge vill hefja til vegs og virðingar fornan sið og forn menningarverðmæti. Þetta viljum við gera án þess að gera lítið úr öðrum trúarsíðum, gömlum eða nýjum, eða menningu annarra þjóðflokka. Ofstæki eða hatúr í garð annarra getur aldrei samrýmst stefnu félagsins.

Hinn forni siður byggir á umburðarlyndi, heiðarleika, drengskap og virðingu fyrir náttúrunni og öllu lífi. Megininntak siðarins er að hver maður sé ábyrgur fyrir sjálfum sér og sínum gerðum. Í Hávamálum, kveðskap Óðins, er meðal annars að finna siðareglur heiðinna manna. Heimsmyndinni er lýst í Völuspá. Í trúarlegum málefnum byggjum við fyrst og fremst á hinum gömlu Eddum og norrænni þjóðtrú.

Að kalla siðinn ásatrú er reyndar villandi þar sem átrúnaður er ekki einungis bundinn við Æsi. Heimilt er að viðurkenna fleiri guði og vætti innan norrænnar goðafræði og þjóðtrúar, svo sem landvætti, álfa, dísir, vani, jötna, dverga, drauga og aðrar máttugar verur eins og forfeður. Meðlimir félagsins iðka trú sína á hvern þann hátt sem hverjum og einum hentar meðan ekki brýtur í bága við landslög. Þeir geta helgað goðunum líkneskjur og önnur tákni en ekki er skylda hvers og eins að tilbiðja líkneskjur þessarar.

Forn Sed Norge hefur það að takmarki sínu að leggja traustan grunn að félagi fyrir þá einstaklinga sem vilja hefja til vegs og virðingar gamlar hefðir og fornan sið. Það er einnig vilji félagsins að auka skilning og áhuga á þjóðtrú, gömlum hefðum og menningarverðmætum. Þetta getur verið í formi námskeiða og verkefna ýmiskonar. Við setjum markið hátt! Félagið hefur meðal annars lagt út stærsta safn norrænna bókmennta á alnetið. Af öðrum verkefnum er sérstaklega vert að nefna þjóðsagnaverkefnið. Félagið heldur eigið heimildasafn blaðagreina og ritgerða er spannar áhugasvið okkar. Fréttablað félagsins heitir Ni Heimer og kemur út fjórum sinnum á ári.

Að lokum ber að geta þess að við komum saman nokkrum sinnum á ári og blótum til heiðurs goðum og öðrum vættum.

Forn Sed Norge er viðurkennt og skráð sem trúfélag í Noregi.

FORN SED NORGE

Postboks 8851, St. Olavs Plass
0028 Oslo, Norge

Org.nr:

983 227 562

styret@forn-sed.no

www.forn-sed.no



Forn Sed Norge er opið öllum þeim sem áhuga hafa á fornum sið, gömlum hefðum eða vilja leita félagsskapar við heiðna menn. Einnig þeim sem áhuga hafa á norrænum fræðum, sögu, þjóðtrú eða hverskyns menningarverðmætum. Félagið Forn Siður er opið öllum áhugasömum, trúuðum eður ei.

Allir 15 ára og eldri með fasta búsetu í Noregi sem tilbúnir eru að fylgja reglum félagsins geta gerst meðlimir. Þeir sem eru 15 ára eða yngri verða að hafa samþykki foreldra fyrir félagsaðild. Allir meðlimir eru virtir að jöfnu, hafa kosningarétt og geta gefið kost á sér í embætti innan félagsins. Samkvæmt norskum lögum er ekki leyfilegt að vera skráður í önnur trúfélög samtímis.